



Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Smiðju, Tjarnargötu 9

Reykjavík, 8. apríl 2024

Sent á umsagnargátt Alþingis
umsagnir@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til sóttvarnalaga, 867. mál

Til áréttingar:

1. Heildarendurskoðun sóttvarnalaga er ótímabær þar sem óháð rannsókn á eftir að fara fram á Covid-19 faraldrinum og læra af afleiðingum hans.
2. Í sóttvarnalög má ekki lögfesta ákvæði sem gerir ráðherra kleift að takmarka ýmis stjórnarskrárvarin réttindi fólks vegna vandræða stjórnvalda við að uppfylla önnur.
3. Styrkja þarf aðkomu Alþingis að sóttvarnaaðgerðum.
4. Lögfesta þarf bótaákvæði vegna fjárhagstaps rekstraradila.

1. Inngangur

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts velferðarnefndar Alþingis frá 25. mars þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreint mál. SA skiluðu umsögn um málið í samráðsgátt stjórnvalda í febrúar 2022 og aftur til velferðarnefndar Alþingis í maí 2022 og febrúar 2023. Frumvarpið er nú lagt fram í þriðja sinn nánast óbreytt og ekki hefur verið tekið tillit til athugasemda SA. Um er að ræða nýja heildarlöggjöf um sóttvarnir en frumvarpið var unnið af starfshóp sem skipaður var af heilbrigðisráðherra. Við breytingu á núgildandi sóttvarnalögum árið 2021 skilaði SA umsögn sem vert er að minna á hér. Þar kölluðu SA eftir óháðri rannsókn á faraldrinum hér á landi, hvernig til hafi tekist um sóttvarnir, hverjar afleiðingarnar hafi verið á efnahag fólks og fyrirtækja, hverjar félagslegar og heilsufarslegar afleiðingar séu og hvernig eigi að takast á við hliðstæða atburði sem síðar kunna að verða. Með slíkri rannsókn er hægt að læra af faraldrinum m.t.t. viðbragða stjórnvalda og með hvaða hætti mögulegt væri að gera betur í aðstæðum sem þessum. SA fagna útgáfu skýrslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins um mótvægisadgerðir stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru frá árinu 2023¹ en leggja hins vegar áherslu á að fram fari rannsókn á öllum afleiðingum heimsfaraldursins hér á landi og að heildarendurskoðun sóttvarnalaga bíði slíks heildarmats.

¹ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/02/21/450-milljardar-krona-i-motvaegisadgerdir-vegna-heimsfaraldurs/>



Þar sem sú rannsókn hefur ekki farið fram er frumvarp til nýrra heildarlaga á sviði sóttvarna ótímabært.

Covid-19 faraldurinn sem geisaði í um tvö ár kenndi þjóðinni að afleiðingar sóttvarnaaðgerða hafa víðtæk efnahagsleg og samfélagsleg áhrif. Í framangreindri skýrslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins kemur fram að mótvægisáðgerðir stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru á árunum 2020-2022 hafi numið um 450 milljörðum króna, eða 4,5% af landsframleiðslu árunna. Þarna er eingöngu horft til mótvægisáðgerða sem varðveittu kaupmátt og komu í veg fyrir gjaldþrot og atvinnuhamlað. Efnahagsleg áhrif faraldursins voru þannig gríðarleg.

Starfshópur heilbrigðisráðherra sem vann að gerð frumvarpsins samanstóð af fulltrúum heilbrigðisráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, landlæknis, sóttvarnalæknis, sóttvarnaráðs, Landspítala og ríkislögreglustjóra auk starfsmanns úr heilbrigðisráðuneytinu. Að mati SA er óheppilegt að fulltrúi frá atvinnulífinu hafði ekki aðkomu að starfshópnum svo að gætt hefði verið sjónarmiðum atvinnulífsins við vinnuna. Að því sögðu má þó finna nokkrar jákvæðar breytingar í frumvarpinu. Sérstaklega má nefna skipun farsóttanefndar sem mun framvegis skila ráðherra tillögum um opinberar sóttvarnaráðstafanir. Jafnframt fagna SA því að ráðherra verði gert skylt að bera tillögur sínar undir velferðarnefnd Alþingis en telja þó að ganga hefði þurft lengra við að tryggja aðkomu og ákvörðunarvald Alþingis. Að öðru leyti gera SA eftirtaldir athugasemdir við frumvarpið.

2. Gildissvið og orðskýringar

Gildissvið laganna er afmarkað í 2. gr. frumvarpsins. Frá núgildandi lögum er sú breyting lögð til að lögin gildi jafnframt um samfélagslega hættulega sjúkdóma. Svo virðist sem þessi skilgreining sé til komin vegna Covid-19 sjúkdómsins og er að danskri fyrirmynd en erfitt er að átta sig á því hvers vegna ekki er hægt að beita skilgreiningu á smitsjúkdómi um það sem átt er við. Með því að bæta við nýrri tegund sjúkdóma undir gildissvið laganna er ráðherra falið frekara vald til þess að beita sóttvarnaaðgerðum frá því sem nú er. Burtséð frá skilgreiningu danskra sóttvarnalaga hefur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin skilgreint Covid-19 sem smitsjúkdóm. Smitsjúkdómar geta eðli máls samkvæmt haft alvarleg samfélagsleg áhrif en að mati SA er óþarfi að bæta við sérstakri tegund sjúkdóma sem eiga undir lögin. Í greinargerð segir að ráðuneytið telji að framangreint sé misskilningur SA. Með skilgreiningunni sé einmitt komið í veg fyrir að hægt sé að grípa til hörðustu aðgerða ef sjúkdómur fellur ekki undir það að vera samfélagslega hættulegur sjúkdómur, heldur einungis alvarlegur. SA taka ekki undir þetta sjónarmið enda getur alvarlegur smitsjúkdómur valdið sömu afleiðingum. Það er þannig á valdi ráðherra að ákveða hvaða sjúkdómar falla þarna undir og hætta skapast á því að fella fleiri en færri sjúkdóma undir skilgreininguna.

Auk þess má geta að skilgreining *samfélagslega hættulegs sjúkdóms* er víðtækari í frumvarpinu en í dönsku fyrirmyndinni þar sem frumvarpið talar sérstaklega um álag á heilbrigðiskerfið sem ástæðu þess að sjúkdómur teljist samfélagslega hættulegur. Þannig verður álag á heilbrigðiskerfið ófrávikjanlegur þáttur í mati á þörf sóttvarnaaðgerða. Þó svo að í Covid-19 faraldrinum héraðs hafi almennt verið tekið mið af stöðu heilbrigðiskerfisins þá er lögfesting þess sjónarmiðs til þess fallin að víkka verulega valdsvið heilbrigðisráðherra við töku ákvarðana um sóttvarnaráðstafanir. Er þá sérstaklega horft til lokunar atvinnurekstrar í



Þessu samhengi. Á stjórnvöldum hvílir skylda til að veita fullkornustu heilbrigðisþjónustu á hverjum tíma sem tók eru á að veita, sbr. 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Sú skylda rímar við stjórnarskrárvarin réttindi fólks til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli o.fl. í 76. gr. stjórnarskrárinnar. Á ríkinu hvílir skylda til að standa vörð um þessi réttindi borgaranna sem eru jafnréttá og önnur stjórnarskrárvarin réttindi, t.a.m. atvinnufrelsi, eignaréttur og friðhelgi einkalífs. Að mati SA er mikilvægt að ekki verði lögfest ákvæði í sóttvarnalög sem gerir ráðherra kleift að takmarka ýmis stjórnarskrárvarin réttindi fólks vegna vandræða stjórnvalda við að uppfylla önnur.

Samtökin taka undir sjónarmið ráðuneytisins sem birtast í frumvarpsdrögum (bls. 32) að vissulega sé mönnunarvandi í heilbrigðiskerfinu alþjóðlegt vandamál. Það dregur hins vegar ekki úr þeirri ábyrgð sem hvílir á stjórnvöldum og lýst er hér að framan. Með lögfestingu nýrrar tegundar sjúkdóms sem er skilgreindur þannig að hann geti mögulega valdið álagi á heilbrigðiskerfið er leiðin að skerðingu á stjórnarskrárvörðum mannréttindum stytta og SA hafna þeirri aðferðafræði. SA leggja til að í frumvarpinu verði notast við hugtakið smitsjúkdóm líkt og gert er í núgildandi lögum og hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, sbr. nánar hér á eftir.

Í 4. gr. frumvarpsins má finna orðskýringar í 17 töluliðum. Dönsku lögin, sem eru fyrirmynd frumvarpsins, hafa að geyma 6 töluliði með skilgreiningum. Að mati SA er óljóst, svo dæmi sé tekið, hver sé tilgangurinn með því að skilgreina hvert fyrir sig *alvarlegan sjúkdóm*, *farsótt*, *samfélagslega hættulegan sjúkdóm* og *smit sjúkdóm*. Þessi óþarfa fjöldi skilgreininga virðist eingöngu til þess fallinn að víkka út heimildir til sóttvarnaráðstafana. SA leggja til að orðskýringum sé fækkað verulega enda getur hugtakið *smit sjúkdómur* verið það víðtækt að það nái yfir *samfélagslega hættulegan sjúkdóm* og *alvarlegan sjúkdóm*. Loks árétta SA þá skoðun sem kom fram í umsögn SA um breytingu á sóttvarnalögum frá desember 2020 er varðar skilgreiningu á orðinu farsótt í 4. tl. 4. gr. enda er hún verulega óljós. Eðlilegra væri að nota orðabókarskýringu sem er öllum töm og hljóðar svo: *Smitandi sjúkdómur sem breiðist ört út og leggst á marga*.²

Í 5. tl. 4. gr. frumvarpsins er skilgreining á hvað er *ferðamaður*. Um langa hríð hafa Samtök ferðaþjónustunnar lagt áherslu á að ferðamenn séu skilgreindir á ákveðinn hátt. Þeir ferðalangar sem koma til landsins til að stunda launaða vinnu eða hafa hér fasta búsetu eru ekki ferðamenn. Samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum er ferðamaður sá einstaklingur sem dvelur í a.m.k. eina nótt og skemur en eitt ár fjarri sínu hversdagsumhverfi þar sem megintilgangur ferðar uppfyllir ákveðin skilyrði. Það væri nær að nota orðið orðið *farþegi* eða *ferðalangur* í frumvarpinu, það getur verið einstaklingur á ferð milli landa. Í athugasemdum greinargerðar kemur fram það mat ráðuneytisins að í sóttvarnarlegum tilgangi þurfi að skilgreina *ferðamann* með öðrum hætti í sóttvarnalögum en annarsstaðar. Að mati SA færi hins vegar mun betur á því að nota annað hugtak ef það er ætlunin, annað skapar ruglingshættu.

Með 3. tl. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins er sóttvarnalækni falið að halda skrá um notkun manna á sýklalyfjum. Þrátt fyrir að sambærilegt ákvæði sé að finna í núgildandi lögum er að mati SA óskýrt af hverju sóttvarnalæknir hefur þetta hlutverk en að þetta sé ekki hluti af lögbundnu

² Skilgreining tekin af orðabókarvef Árnastofnunar.



verkefni landlæknis um eftirlit með lyfjaávisunum. Rétt væri að skoða þetta við afgreiðslu frumvarpsins.

3. Stjórnýsla sóttvarna

Með 5. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á yfirstjórn sóttvarna. Þar er lagt til að sóttvarnalæknir heyri framvegis beint undir ráðherra en starfi þó innan embættis landlæknis. Að mati SA vantar verulega upp á rökstuðning fyrir þessari breytingu. Í athugasemdum greinargerðar er talið eðlilegt að sóttvarnalæknir sé sjálfstæður í störfum þar sem hann beri ábyrgð á sóttvörnum. Að mati SA hníga engin rök að því á þessum tímamarki að gera sóttvarnalækni að embættismanni. Þvert á móti gerir frumvarpið ráð fyrir dreifðari ábyrgð og aðkomu að sóttvarnaráðstöfunum en nú er, sbr. það hlutverk farsóttanefndar að koma tillögum til ráðherra og heimild 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins fyrir sóttvarnalækni að kveða sér sérfræðinga til ráðgjafar. Með lögum er hægt að fela sóttvarnalækni ábyrgð án þess að hann teljist embættismaður í skilningi laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Að mati SA er mikilvægara nú en áður að sóttvarnalæknir heyri undir embætti landlæknis sem hefur víðtækara hlutverk en sóttvarnir. Þannig má betur tryggja að til fleiri sjónarmiða sé horft við ákvörðun sóttvarnaráðstafana, til dæmis áhrif og afleiðingar þeirra fyrir lýðheilsu. SA telja hins vegar að upp á þetta hafi skort við sóttvarnaráðstafanir í Covid faraldrinum og betur megi gera til framtíðar hvað það varðar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir tveimur fjölskipuðum stjórnvöldum, farsóttanefnd og samstarfsnefnd um sóttvarnir. Farsóttanefnd er nýtt 7 manna stjórnvald. Að mati SA er jákvætt að ábyrgð á tillögugerð til ráðherra sé færð til farsóttanefndar frá sóttvarnalækni einum. Þannig fæst yfirgrípsmeiri ásýnd á aðstæður en nú er. Nefndinni er heimilt að kveða tvo menn til viðbótar til setu í nefndinni sem þó fá ekki atkvæðisrétt. SA telja mikilvægt að í nefndinni sitji fulltrúi með efnahagslega skírskotun sem lagt getur mat á það hverju sinni hverjar afleiðingar sóttvarnaaðgerða verða fyrir atvinnulífið. Þá er mikilvægt að sá fulltrúi hafi atkvæðisrétt enda er auðséð að faraldur, líkt og Covid-19, hefur gríðarleg áhrif á atvinnulíf, líkt og áðurgreind skýrsla fjármála- og efnahagsráðuneytisins um mótvægisáðgerðir ber vitni um. Með því móti næst heildstæðari niðurstaða á frumstigum ákvarðanatöku um sóttvarnir.

4. Rökstuðningur aðgerða

Þegar tilkynnt var um sóttvarnaráðstafanir vegna Covid-19 faraldursins var gjarnan vísað til ólíkra mælikvarða að baki ákvörðunum. Þá var oft vísað til stöðu Landspítalans og þá yfirleitt til fjölda inniliggjandi vegna Covid-19 en ekki t.a.m. þróun á heildarfjölda sjúkrarýma og nýtingu þeirra. Nefndir voru tölulegir þættir sem rökstuðningur fyrir aðgerðum, svo sem fjöldi greindra smita, smit á landamærum og smitstuðlar en erfitt reyndist að sjá sambengi milli mælikvarða og sóttvarnaaðgerða hverju sinni. Sem dæmi má nefna að sömu sóttvarnaaðgerðum var beitt í byrjun faraldurs 2020 og tveimur árum síðar þegar þjóðin var að mestu bólusett og vægari afbrigði veirunnar sem veldur Covid-19 réð ríkjum. Í því sambengi má nefna að í desember 2020 lágu 33 á spítala á meðan nýgengi smita var 46 og í janúar 2022 lágu 33 á sjúkrahúsi á meðan nýgengi smita var 4352. Beiting sömu íþyngjandi sóttvarnaaðgerða var að mestu órökstudd. Eftir því sem hætta af sjúkdómi telst minni og meiri upplýsingar liggja fyrir um eðli hans, því meiri kröfur verður að gera til rannsókna og



mats stjórnvalds á því hvort brýn nauðsyn standi til skerðinga á stjórnarskrárvörðum réttindum borgaranna. Þegar um er að ræða miklar takmarkanir á athafnafrelsi einstaklinga er í senn nauðsynleg og eðlileg krafa að mælikvarðar og samhengi þeirra við þær ráðstafanir sem gripið er til liggi fyrir svo unnt sé að sýna óyggjandi fram á nauðsyn aðgerðanna.

SA hafa áður kallað eftir einhvers konar stöðluðum viðmiðum og viðbrögðum við þeim aðstæðum sem upp kunni að koma og ítreka þá skoðun nú. Sóttvarnalæknir hefur lýst því yfir að einungis sé tímaspursmál hvenær við stöndum frammi fyrir næsta heimsfaraldri. Skortur á stöðluðum viðmiðum skapar óvissu í samfélaginu, skerðir getu almennings til að skilja nauðsyn aðgerða sem gripið er til og takmarkar faglega gagnrýni og þar með opinbera umræðu um aðgerðirnar. Þá eykur það hættu á að aðgerðir séu óþarflega háðar persónulegu mati og tilfinningu fárra einstaklinga fremur en samþykktum stöðlum, gagnreyndum viðmiðum og raungögnum. Í þessu samhengi er rétt að benda á að í Covid-19 faraldrinum voru dómsmál höfðuð gegn íslenska ríkinu þar sem einstaklingar vildu ekki hlíta ákvörðunum um einangrun. Ekki var fallist á kröfur þeirra fyrir dómi enda töldu dómstólar að meðalhófs hefði verið gætt. Skömmu síðar var einangrunartími hins vegar stytur um helming án viðhlítandi rökstuðnings. Mat sóttvarnalæknis, sem var grundvöllur þess að dómstólar teldu að meðalhófs hefði verið gætt, breyttist því, eins og áður sagði, á örfáum dögum. Þegar um ræðir svo viðamikil inngríp í persónufrelsi einstaklinga er eðlilegt í réttarríki að fyrir hendi séu stöðluð viðmið, sem byggja á traustum vísindalegum grunni, sem vísað er í.

5. Aðkoma Alþingis að ákvörðunum um sóttvarnir

Í 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu ráðherra til að kynna ákvörðun um setningu reglna skv. 28. gr. og 30. gr. frumvarpsins, þ.e. sóttvarnarráðstafanir vegna samfélagslega hættulegs sjúkdóms og opinberar sóttvarnarráðstafanir á landamærum Íslands, fyrir velferðarnefnd Alþingis án tafar auk forsendna ráðstafananna og röksemdir að baki.

SA hafa lagt áherslu á að ákvarðanir um mikla takmörkun á gangverki samfélagsins verði ekki teknar af heilbrigðisráðherra einum. Það er jákvætt að sett sé ákvæði er skyldar heilbrigðisráðherra að veita velferðarnefnd Alþingis upplýsingar en það er ekki nóg. Sumar sóttvarnarráðstafanir eru þess eðlis að þær skerða grundvallarmannréttindi sem varin eru í stjórnarskrá. Þau réttindi má ekki skerða nema með lögum og ef almannahagsmunir krefjast þess. Eðli máls samkvæmt þarf oft að bregðast hratt við þegar svo háttar til að beita þurfi sóttvarnarráðstöfunum en meginreglan verður að vera sú að Alþingi taki ákvarðanir um skerðingu mannréttinda. Að kynna ráðstafanir fyrir velferðarnefnd Alþingis eftir að ákvörðun hefur verið tekin gengur ekki nógu langt að mati SA. Í dönsku sóttvarnalögunum, fyrirmynd frumvarpsins, er kveðið á um að reglur geti aðeins tekið gildi eftir að þær hafi verið lagðar fyrir viðeigandi nefnd og nefndin ekki talið tilefni til að mæla sérstaklega gegn gildistöku þeirra. Sóttvarnareglur taka því ekki gildi nema með samþykki þingnefndarinnar. Með öðrum orðum hefur löggjafinn ákvörðunarvaldið. Þar í landi telst sú aðferð nægilega skjótvirk til að bregðast við sóttvarnaaðstæðum sem kunna að koma upp. Ekkert bendir til þess að annað ætti að gilda hérlandis.

Í athugasemdum greinargerðar með ákvæði 18. gr. segir að með því að færa ákvarðanir til Alþingis yrði alger eðlisbreyting á forsendum ákvarðana frá því að byggjast á faglegum



sjónarmiðum yfir á vettvang stjórnmálanna. SA hafna þessari fullyrðingu alfarið. Það hlýtur að auka gegnsæi að ná fram sjónarmiðum lýðræðislega kjörinna fulltrúa og leiða til þess að ákvarðanir eru teknar á breiðari og betur ígrunduðum grundvelli. Þó að SA fagni þeirri viðleitni frumvarpshöfunda að auka aðkomu Alþingis að sóttvarnaaðgerðum er ekki að sjá að nein rök liggi því að baki að víkja frá þeirri framkvæmd sem dönsku lögin bjóða. Ef ekki stendur til að Alþingi fái sóttvarnaáðstafanir til hefðbundinnar þinglegrar meðferðar þá ætti danska fyrirmyndin að vera útgangspunktur.

6. Lögfesting bótaákvæðis

Í 16. gr. frumvarpsins má finna sérstaka reglu um jafnræði og meðalhóf. Að mati SA er jákvætt að hnykkja á þessari meginreglu stjórnsýsluréttar við ákvarðanatöku um sóttvarnir. Í því tilliti er mikilvægt að verndarhagsmunirnir ráði alltaf för og ekki sé gengið lengra en brýn nauðsyn krefur.

Í ákvæðinu segir jafnframt:

Ekki skal stöðva atvinnurekstur nema að því marki sem starfsemin felur í sér hættu á útbreiðslu farsóttar, svo sem vegna jölda fólks sem þar kemur saman eða návígis þess eða snertingar.

Samhljóða regla kom inn í sóttvarnalög með lögum nr. 2/2021. SA fagna tilkomu þessa ákvæðis enda er það afdráttarlaust um skyldu stjórnvalda um að stöðva ekki atvinnurekstur nema að mat fari fram á því að starfsemin feli í sér hættu á útbreiðslu farsóttarinnar á hverjum tímapunkti. Slíkt mat þarf að vera gagnsætt og vel rökstutt og vísast hér í umfjöllun kafla 4 að framan. Gera verður ríkar kröfur til þess hvernig heimildinni til stöðvunar atvinnurekstrar er beitt með tilliti til þeirra almannahagsmuna, eða réttinda annarra, sem liggja heimildinni til grundvallar. Ekki er nóg að sóttvarnaráðstöfun hafi það eitt að markmiði að þjóna verndarhagsmunum sem um er rætt heldur verður einnig að liggja fyrir að undangenginni viðhlítandi rannsókn stjórnvalds, að sóttvarnaaðgerðin sé nauðsynleg og lögmætu markmiði verði ekki náð með öðru og vægara móti. Við setningu reglugerðar sem takmarkar stjórnarskrárvarin réttindi þarf að veða og meta þá almannahagsmunum sem til stendur að vernda með tilliti til þeirra hagsmuna eða réttinda sem skerðingin bitnar á. Ef til stendur að viðhalda skerðingum á athafnafrelsi verður að leggja reglulega mat á hvort skilyrðum er enn fullnægt.

SA benda á að ákvörðun um stöðvun atvinnurekstrar sem beinist að tiltekinni starfsemi stöðvar tekjustreymi viðkomandi fyrirtækja og einstaklinga sem bera ábyrgð á rekstrinum. Í því felst takmörkun á atvinnu- og eignarrétti sem varinn er með 72. og 75. gr. stjórnarskrárinnar. Í faraldrinum var að nokkru leyti komið til móts við þá aðila sem verða fyrir tjóni vegna sóttvarnaáðstafana með mótvægisáðgerðum og styrkjum úr ríkissjóði. Kostnaðurinn nam um 450 milljörðum króna líkt og áður hefur komið fram. Að mati SA er nauðsynlegt að sóttvarnalög innihaldi ákvæði um skyldu til að bæta fjárhagstap rekstraraðila vegna sóttvarnaáðstafana og telja SA að eignarnámslög geti verið ákveðin fyrirmynd að því. Úrræðin væru þá fyrirsjáanleg og til staðar áður en faraldrar bresta á þrátt fyrir að mögulegt væri að útfæra þau nánar með tilliti til þeirra sóttvarnaáðstafana sem ráðist er í. Athygli



stjórnvalda þyrfti ekki að beinast að þessum þætti í viðbrögðum þeirra og væri þeim þá jafnframt hægara um vik að meta tjón ríkissjóðs af slíkum inngrípum.

7. Ónæmisaðgerð skv. 28. gr.

Í 28. gr. frumvarpsins er fjallað um sóttvarnaráðstafanir vegna samfélagslega hættulegs sjúkdóms. Vísast hér í fyrrgreindar athugasemdir við skilgreiningu á samfélagslega hættulegum sjúkdómi. Ákvæðið gerir ráð fyrir því að ráðherra geti með reglugerð kveðið á um ónæmisaðgerðir en ónæmisaðgerð er skilgreind sem skipulögð aðgerð sem örvar ónæmiskerfið til að halda smitsjúkdómi í skefjum í samfélaginu, svo sem með bólusetningu eða gjöf mótefna. Þetta er ekki skýrt nánar, hvorki í ákvæðinu né í athugasemdum greinargerðar. Að mati SA þarf þetta að skýra frekar því lesa má úr ákvæðinu að ráðherra hafi heimild til að kveða á um bólusetningarskyldu í reglugerð. SA telja ólíklegt að það sé vilji löggjafans en mikilvægt er að öll tvímæli séu tekin af hvað það varðar.

8. Geislavarnir

Í orðskýringum frumvarpsins segir að með smitsjúkdómi sé átt við sjúkdóm eða ástand sem orsakast af sjúkdómsvöldum svo sem smitefni, örveru eða sníkjudýri og sem smitast frá, til eða milli fólks. Með smitsjúkdómi sé enn fremur átt við alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar eiturefna og geislavirkra efna.

Um geislavarnir gilda sérstök lög og um aðkomna geislavirkni ásamt eitrunum sem geta komið upp vegna stórslysa, eldsvoða eða eldsumbrota er eðlilegt að fjalla í almannavarnalögum. Það er óeðlilegt að geislavarnir og eiturefni falli undir sóttvarnalög. Eðli og dreifing þeirra er allt öðruvísi en sjúkdóma sem berast milli manna og verði eiturefnaslys eða geislunarhætta er almannavarnakerfið mun betur í stakk búið að fjalla um það en sóttvarnayfirvöld. Vá af völdum eldgosa hefur til dæmis ekki verið felld undir sóttvarnalög en þar getur skapast töluverð hætta af völdum eitraðra lofttegunda. Sama á við um geislunarslys eða efnaslys þar sem uppspretta getur dreifst víða. Þar eru almannavarnir mun betur fallnar til að bregðast við þótt heilbrigðisþjónustan þurfi að sjálfsögðu að sinna sjúkum vegan geislunaráhrifa eða eitrunar.

9. Vinnusóttkví

Í 16. gr. frumvarpsins er áréttað meðalhóf ef stöðva þarf atvinnurekstur vegna hættu á útbreiðslu farsóttar. Víðtækar sóttvarnarráðstafanir í samfélagi geta með óbeinum hætti stöðvað mikilvægan atvinnurekstur eða leitt til mikils tjóns. Því er eðlilegt að kveða á um í lögum að ráðherra eða eftir atvikum sóttvarnalækni sé jafnframt skylt að taka afstöðu til þess hvenær vinnusóttkví komi til álita og skilyrði hennar, enda ber stjórnvöldum á grundvelli meðalhófsreglu að beita ekki meira íþyngjandi afkvíun en efni standa til hverju sinni.

10. Önnur atriði

Það er mikilvægt að þær sóttvarnaráðstafanir sem ákveðnar eru af stjórnvöldum hverju sinni taki mið af getu heilbrigðiskerfisins til að bregðast við þeim. Þannig bar á því að biðtími eftir niðurstöðu PCR-prófa lengdist úr hófi og að fólk þyrfti þar af leiðandi að vera í sóttkví lengur en talist gat eðlilegt meðan niðurstöðu var beðið. Við þetta má bæta að upphaflega hófst einangrunartími Covid-smitaðs einstaklings þegar hann fékk niðurstöðu úr PCR prófi.



Atvinnurekendur misstu þannig starfsfólk frá vinnu lengur en nauðsynlegt var. Að mati SA þurfa innviðir að vera með því móti að þeir geti tekið við ákvörðunum sóttvarnaryfirvalda á hverjum tíma svo að athafnafrelsi fólks og fyrirtækja sé ekki skert meira en raunveruleg þörf er á.

SA ítreka loks mikilvægi þess að heildarendurskoðun sóttvarnalaga fari ekki fram fyrir en að undangenginni óháðri rannsókn á afleiðingum Covid-19 faraldursins.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir